

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis,
Nefndasvið Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 08. október 2015
2015090020/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum, 133. mál.

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 24. september sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um landsáætlun um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru- og menningarsögulegum minjum, 133. mál.

Löngu er orðið tímabært að gera áætlun um viðbrögð við auknu álagi á náttúru landsins vegna ferðamanna og ber því að fagna þessu frumvarpi. Í greinargerð með frumvarpinu er ágætlega rakið hvers vegna það er sett fram og til hvaða þátta í náttúru- og menningarminjavernd, íslenskra laga og alþjóðasamninga, þarf að taka tillit til við framkvæmd laganna komi til þess. Veikleikar frumvarpsins eru hins vegar óvissa um fjármögnun þeirra framkvæmda sem þarf að ráðast í og óvissa um fjármögnun á vinnu þeirra aðila (stofnana, sveitarfélaga, fyrirtækja o.fl.) sem þurfa að koma að framkvæmd væntanlegra laga. Er þetta ágætlega rakið í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins með frumvarpinu.

Frumvarpið sjálf tekur ekki á því með hvaða hætti eigi að leysa þau faglegu sjónarmið sem kunna að koma upp við gerð landsáætlunar og verkáætlunar og varða vernd og nýtingu. Annars vegar við ákvörðun um hvernig eigi að flokka ferðamannaleiðir, staði og svæði og hins vegar vegna áhrifa framkvæmda á ferðamannasvæðum eða lokunar svæða. Og þá einnig hvaða kröfur á að gera um upplýsingar, rannsóknir og vöktun á náttúru- og menningarminjum til að sannreyna ágæti þeirra innviða sem ráðist er í og árangur af uppbyggingu þeirra til framtíðar. Reynt hefur verið að bæta úr þessu frá fyrra frumvarpi með því að koma á ráðgjafanefnd um stefnumarkandi landsáætlun til tólf ára, sbr. 6. gr. frumvarpsins, þar sem m.a. Náttúrufræðistofnun ásamt fleiri aðilum á sæti. En eins og kemur fram í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins um frumvarpið þá er aðeins gert ráði fyrir fjármagni fyrir starfsmann verkefnisstjórnar og vegna umhverfismats, en öll önnur fjármögnun er ósviss bæði hvað varðar uppbyggingu innviða og einnig hvað varðar nauðsynlega fagvinnu til að sú uppbygging takist vel.

Náttúrufræðistofnun sér ekki ástæðu til að gera frekari athugasemdir en tekur undir megin markmið frumvarpsins um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru- og





menningarsögulegum minjum og telur, miðað við fjölda ferðamanna og ástand margra svæða, að grípa þurfi til aðgerða sem fyrst. Í ferlinu má ekki gleymast að undirbyggja aðgerðir með góðum gögnum og vakta ástand náttúru landsins í tengslum við ferðaþjónustu. Meðfylgjandi er minnisblað gert fyrir umhverfis- og samgöngunefnd vegna flutnings frumvarpsins á síðasta þingi.

Virðingarfyllt

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

Trausti Baldursson

Meðf: Minnisblað til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis 10. mars 2015.